



Fundargerð stjórnar SOS nr. 327

Staður: Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi

Dagsetning og tími: 17. september kl. 15:30.

Mætt voru Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð. Þá mættu á fundinn starfsmenn SASS, Elísabet Björney Lárusdóttir í fjarfundarbúnaði og Bjarni Guðmundsson.

1. Staða úrgangsmála á Suðurlandi

Elísabet Björney Lárusdóttir fer yfir stöðu á gagnaöflun og vinnu vegna greiningar á stöðu úrgangsmála á Suðurlandi.

2. Fjárhagsáætlun SOS fyrir 2025 og undirbúningur dagskrár aðalfundar SOS

Farið yfir stöðu á nýtingu fjármagns skv. fjárhagsáætlun líðandi árs og fyrirkomulag vinnu við undirbúning fjárhagsáætlunar fyrir árið 2025. Farið yfir tillögur að launum stjórnar og gjaldskrá. Farið yfir drög að dagskrá aðalfundar.

Umræða fór fram um framtíðarmöguleika varðandi Kirkjuferjuháleigu. Formanni falið að óska eftir minnisblaði lögfræðings um möguleika varðandi sölu eignarinnar til þess að leggja fyrir stjórnina.

3. Aðalfundargerð Orkugerðarinnar

Aðalfundargerð Orkugerðarinnar frá 27. júní 2024 lögð fram til kynningar.

4. Slátureingur – Orkugerðin – hlutverk til framtíðar

Rætt um áform matvælaráðherra um líforkuver á Dysnesi í Eyjafirði og skorts á samráði við SOS og Orkugerðina vegna verkefnisins.

Stjórn SOS hefur bókað um þessi málefni áður á fundi sínum þann 16. apríl sl. þar sem formanni var falið að óska eftir samráði við viðkomandi ráðuneyti við áframhaldandi vinnslu tillagna að útfærslu fyrir samræmt söfnunarkerfi fyrir dýraleifar á þeim vettvangi. Var þar bókað að áriðandi væri að koma sjónarmiðum aðildarféлага SOS að borðinu við þessa vinnu með hliðssjón af því að Suðurland væri stærsta landbúnaðarhéraðið og sveitarfélög á svæðinu hefðu mikilla hagsmuna að gæta í þessum málaflokki. Formaður SOS sendi í framhaldinu erindi til ráðuneytisins vegna málefnisins og átti fund í maí sl. með fulltrúum ráðuneytisins ásamt fulltrúum Orkugerðarinnar.

Áfram bárust fregnir af framvindu verkefnisins í gegnum opinberar tilkynningar ráðuneytisins og sendi stjórnarformaður Orkugerðarinnar ehf. ráðuneytinu bréf vegna málsins undir lok ágúst sl. þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir varðandi líforkuver virtust ekki taka mið af þeirri aðstöðu sem hefur þegar verið komið upp í Orkugerðinni vegna úrvinnslu slíks úrgangs. Hefur stjórnarformaður Orkugerðarinnar átt fund með fulltrúum ráðuneytisins í kjölfarið og fagnar stjórn SOS því að með því hafi verið komið á virku samtali ráðuneytisins við Orkugerðina ehf., sem er leiðandi í meðhöndlun úrgangs á þessu sviði á landinu.

4. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Fyrirhugað er að næsti fundur stjórnar verði haldinn mánudaginn 30. september kl. 15:00.

Fundi slitið klukkan 17:20.